

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

56. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. Miðvikudaginn 25. september 2013, kl.17:00

Fundinn sátu: Jón Foss Guðmundsson, Christine Mae Velasco, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Kristbjörg Víðisdóttir, Helga María Helgadóttir, Benedikt Elvar Skarphéðinsson, Yngvi Freyr Óskarsson, Elín Lára Baldursdóttir, Sverrir Þrastarson, Birgitta Ósk Bates Gústavsdóttir, Ólöf Andrea Antonsdóttir og Ingvar Haraldsson, starfsmaður Ungmennaráðs

Afboðuðu: Ína Steindórsdóttir, Brynhildur Ýr Jónsdóttir, Ásta Sól Bjarkardóttir og Eyþór Agnarsson

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Birgitta Ósk Bates Gústavsdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 9. október 2013

2. Málfundur

Málfundur um árangur og áherslur í grunnskólum Hafnarfjarðar, 20. september 2013 í Lækjarskóla. Á málfundinum mættu fræðsluráð, stjórnendur grunnskóla, fulltrúar kennara, foreldra og nemenda. Fyrir hönd UMH mætti Sverrir Þrastarsson. Yngvi Freyr Óskarsson komst ekki. Sverrir tók til máls og fjallaði um forvarnir einnig tók hann þátt í pallborðsumræðum á málfundinum.

3. Fundartími UMH

Ákveðið var að breyta fundartíma. Framvegis er því fundartími kl. 21:00.

4. Einelti í skólum

Ungmennaráð fagnar því að „skólaskrifstofan vinnur að gerð nýrra verkferla og að fræðsluráðið leggur áherslu á að þeirri vinnu sé hraðað“. Tillögur UMH til þessara mála hefur verið vel tekið hjá fræðsluráði og erum við tilbúin að koma þeirri vinnu sem skólaskrifstofan vinnur að varðandi verkferla. Kristbjörg Víðisdóttir, fulltrúi í Ungmennaráði Hafnarfjarðar, er sérstakur tengiliður í þeim málaflokki.

5. Önnur mál

Þórdís Dröfn Andrésdóttir gerði óformlega könnun í hjá ungmennaráðum í Reykjavík. Spurningin var sú, hversu oft fundið þið? Þórdís mun fljótlega greina frá niðurstöðum sínum á FB.

Umræður um að bjóða bæjarstjóra á fund

Næsti fundur áætlaður 9. október 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:43